



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 11. desember 2025

Reglugerðir um deildarbikarkeppni karla og kvenna

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 10. desember sl. voru samþykktar breytingar á reglugerðum KSÍ. Breytingar ná til eftirfarandi reglugerða:

- Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla
- Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla

3. TÍMABIL KEPPNI

- 3.1 Undankeppni skal hefjast í **janúar eða** febrúar í A-deild en í **febrúar eða** mars í B og C-deild. Úrslitakeppni skal lokið fyrir upphaf Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur A-deildar fari fram síðar.

8. AGAMÁL

- 8.1 Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:
- Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili, skal ~~úrskurðaður~~ **fara sjálfkrafa** í leikbann sem hér segir:
- 3 áminningar – bann í 1 leik
 - 5 áminningar – bann í ~~2 leikjum~~ **1 leik**
 - 6 áminningar – bann í ~~2 leikjum~~ **1 leik**

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna

3. TÍMABIL KEPPNI

- 3.1 Undankeppni skal hefjast í **janúar eða** febrúar í A-deild en í **febrúar eða** mars í B og C-deild. Úrslitakeppni skal lokið fyrir upphaf Íslandsmóts. Mótanefnd getur þó ákveðið að úrslitaleikur A-deildar fari fram síðar.

8. AGAMÁL

- 8.1 Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili, skal ~~úrskurðaður~~ **fara sjálfkrafa** í leikbann sem hér segir:

3 áminningar – bann í 1 leik

5 áminningar – bann í ~~2 leikjum~~ **1 leik**

6 áminningar – bann í ~~2 leikjum~~ **1 leik**

Greinargerð:

Breytingarnar taka mið af því að Lengjubíkar hefst fyrr en áður en reglugerðin gerði ekki ráð fyrir þeirri breytingu. Þá er einnig að finna breytingar á leikbönnum fyrir uppsafnaðar áminningar. Nýtt móttakerfi gerir KSÍ kleift að útfæra leikbönn leikmanna með sjálfvirkum hætti og því ekki þörf á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar vegna uppsafnaðra spjalda. Þetta hefur í för með sér að leikmenn taka út leikbann vegna uppsafnaðra spjalda í næsta leik eftir að þeir hafa náð þeim fjölda spjalda sem varða leikbanni.

Þetta fyrirkomulag verður tekið upp til reynslu í Lengjubíkar áður en ákvörðun verður tekin um fyrirkomulag í Íslandsmótum 2026.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.